



Kennari: **Borgþór Helgason (BH)** **borgthor@fsu.is**

Áfangalýsing:

Nemendur nota vélræna eðlisfræði og ISO einingakerfið við skoðun krafta við ýmsar aðstæður í málmiðnaði. Nemendur kynnast grunnatriðum og hugtökum sem varða burðarþol í vélhlutafraði. Skoðað er með notkun handbóka hvernig þessi hugtök koma inn í efnisval, gerð burðarbita og öxla. Fjallað er um streymisfraði í vökvum, varmaflutning, einangrun og orkutap. Mikið er byggt á vinnu verkefna með notkun handbóka. Notaðar eru fjölbreyttar reikniaðferðir sem snerta flatarmál, rúmmál, eðlismassa o.fl. Skoðað er meðal annars með notkun handbóka hvernig þessi hugtök koma inn í efniskostnað.

Undanfari:

Pekkingarviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja og hafa skilning á:

- helstu hugtökum sem notuð eru við ákvörðun burðarþols í málmiðnaði.
- helstu ISO einingum sömu hugtaka.
- stærðum sem snerta streymi í vökvum og val röraþvermáls.
- varmaorku og varmaflutningi.
- reikniaðferðum sem beitt er í iðnaði.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- finna heppilega bitagerð og -stærð fyrir gefnar aðstæður.
- velja heppilega röragerð og ákveða fyrirkomulag lagna út frá straumfræði og sem minnstu orkutapi.
- reikna varmaorkupörf og þekkja áhrif flutnings varmaorku á milli efna.
- reikna vinnu, nýtni og aflþörf við gefnar aðstæður.
- reikna nauðsynlegt efnismagn til framleiðslu einfaldra hluta.
- vinna með helstu jöfnur aflfræðinnar.
- reikna krafta, kraftvægi og hlutföll við gefnar aðstæður.
- finna vinnu, nýtni og aflþörf við gefnar aðstæður.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að getað:

- finna heppilega bitagerð og -stærð fyrir gefnar aðstæður.
- velja heppilega röragerð og ákveða fyrirkomulag lagna út frá straumfræði og sem minnstu orkutapi.
- reikna varmaorkupörf og þekkja áhrif flutnings varmaorku á milli efna.
- reikna vinnu, nýtni og aflþörf við gefnar aðstæður.
- reikna nauðsynlegt efnismagn til framleiðslu einfaldra hluta.
- vinna með helstu jöfnur aflfræðinnar.
- reikna krafta, kraftvægi og hlutföll við gefnar aðstæður.
- finna vinnu, nýtni og aflþörf við gefnar aðstæður.

Námsefni: Töflubók, Innventor Exel verkefni frá kennara

Áætlun um yfirferð verkefnaskil:

Vika	Dags	Námsþættir,
1	4-8 jan	Flatarmál rúmál (upprifjun) kraftar og kraftvægi
2	11-15 jan	Vélahlutar, styrkur, hugtök Töflubók
3	18-22 jan	Spenna, styrkur, móttöðuvægi
4	25—29 jan	Öryggistölur og burðarþol Teikna bita í Innventor
5	1-5 feb	Öryggistölur og burðarþol, val efnisstærða
6	8-12 feb	Útreikningar og val efnis Töflubók Innventor
7	15-19 feb	Upprifjun, 1. súkkulaði
8	22- 26 feb	Rennslisfræði og útreikningar
9	1-5 mars	Rennsli í lögnum, viðnám og tap
10	8-12 mars	Þrýstingur í vökvum og lofttegundum
11	15-19 mars	Þrýstifall, vinna, orka, afl, nýtni. Hönnunarverkefni.
12	22-26 mars	Hönnunarverkefni. Upprifjun, 2. súkkulaði
13	28-2 apríl	Páskafrí

14	5-9 apríl	Aflfræði – vinna, orka, afl, nýtni. Töflubókin bls. 46-47
15	12-16 apríl	Einangrun og orkutap,
16	19-23 apríl	Varmafræði og fasaskipti
17	26-29 apríl	Upprifjun, 3. súkkulaði
16	2-6maí	Einkunnaskil kennslu lýkur

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Námstilhögun: Fyrir hverjar 5 einingar í áfanga liggja að baki 105 klst í vinnu nemenda. Nemendur munu vinna verkefni í tímum sem og utan þeirra. Námsefnið er umfangsmikið og því nauðsynlegt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og námsaga. Gert er ráð fyrir tveimur til þremur tíma á viku í nám utan kennslustunda. Mætingaskylda er í allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans. Nemendur skulu í verklegum tímum klæðast óeldfimum fatnaði og vera í ermalöngum hlífðarfötum og sem ná vel upp í háls og sloppum eða göllum. Skór verða að vera óeldfimir og lokaðir, helst að hafa skó með stáltá. Algert símabann er þegar unnið er við hættuleg tæki rennibekki, borvélar, klippur, vélar o.p.h. Ekki er tekin ábyrgð á fötum og skulu nemendur vera með skáp undir föt, námsbækur og tölvur. Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun

Notkun á tölvu: **Notkun tölvu við námið er mikilvæg alla önnina., en notkun tölvu í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Sama á við um snjallsíma.**

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi. Náminu er skipt í 3 lotur og lýkur hverri þeirra með prófi sem gildir 20% af lokaiekunn. Heimadæmi gilda 5% og önnur verkefni 5% fyrir hverja lotu. Hönnunarverkefni sem byggir á námsefni fyrstu og annrar lotu 10%. Mætingarskylda er í áfanganum samkvæmt reglum skólans. Nemandinn skal leysa öll verkefni sem kennarinn leggur fyrir. Til að ljúka áfanganum þarf að ná lágmarkseinkunn 5,0 í reiknaðri meðaleinkunn. Ef nemandi mætir ekki til lotuprófa eða skilar ekki verkefnum á réttum tíma jafngildir það einkunn 0 í námsmati.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 5/1/2021

Borgþór Helgason